

Persónuverndarstefna Héraðsskjalasafns Akraness



HÉRAÐSSKJALASAFN AKRANESS
AKRANES MUNICIPAL ARCHIVES

Persónuverndarstefna Héraðsskjalasafns Akraness

Héraðsskjalasafn Akraness er opinbert skjalasafn sem rekið er af Akraneskaupstað. Meginhlutverk þess er að taka við, heimta inn og varðveita skjöl frá afhendingaskyldum aðilum. Með því er átt við skjöl sem hafa þýðingu fyrir stjórnsluna, hagsmuni og réttindi borgara eða sögulegt gildi. Einnig hefur skjalasafnið það hlutverk að hafa eftirlit með skjalavörslu afhendingaskyldra aðila. Héraðsskjalasafnið starfar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglugerð nr. 283/1994 og samþykkt frá árinu 2003. Þjóðskjalasafn Íslands fer með eftirlit með starfsemi í samræmi við lög um opinber skjalasöfn.

Þann 15. júlí 2018 tekur ný persónuverndarlöggjöf gildi á Íslandi þegar ný reglugerð ESB um persónuvernd tekur við af núgildandi Evrópulöggjöf. Öllum sem vinna með persónuupplýsingar ber að fylgja þessari nýju löggjöf sem mælir fyrir um fleiri og strangari skuldbindingar en áður.

Tilgangur og gildissvið

Persónuverndarstefna þessi lýsir vinnslu héraðsskjalasafnsins á persónuupplýsingum. Héraðsskjalasafnið mun leitast við að veita þeim einstaklingum sem unnið er með persónuupplýsingar um nánari fræðslu um þá vinnslu eftir því sem við á.

Héraðsskjalasafnið er sjálfstætt opinbert skjalasafn að lögum og setur sér sína eigin persónuverndarstefnu. Stefnan gildir um alla vinnslu persónuupplýsinga héraðsskjalasafnsins.

Þessi persónuverndarstefna er sett skv. 2. mgr. 24.gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Hvað er vinnsla persónuupplýsinga?

Persónuupplýsingar eru upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling sbr. 3. gr. persónuverndarlaga. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

Viðkvæmar persónuupplýsingar geta m.a. verið upplýsingar um kynþátt, uppruna, stjórnsmálaskoðanir, trúarbrögð, lífskoðanir, aðild að stéttarfélagi, heilsufarsupplýsingar er varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði, upplýsingar um kynlíf og kynhneigð, erfðafræðilegar upplýsingar ýmiskonar, lífkennaupplýsingar o.fl.

Aðgerðir þar sem persónuupplýsingar eru unnar eru: söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun, dreifing eða aðrar aðferðir

við að gera upplýsingar tiltækar, samtenging, samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing og eyðilegging flokkast undir vinnslu persónuupplýsinga.

Undir hugtakið vinnsla fellur því öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, þ.m.t. skráning, varðveisla, aðgengi og eyðing.

Vinnsla héraðsskjalasafnsins á persónuupplýsingum

Öll vinnsla héraðsskjalasafnsins á persónuupplýsingum er á grundvelli lögbundins hlutverks þess og á sér lagastoð samkvæmt persónuverndarlögum og lögum um opinber skjalasöfn. Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar, þannig að sú vinnsla sé ósamrýmanleg upprunalegum tilgangi vinnslunnar.

Héraðsskjalasafnið leggur áherslu á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur og að öll vinnsla sé í samræmi við lög.

Allt starfsfólk héraðsskjalasafnsins hefur fengið þjálfun og fræðslu til að tryggja að vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við persónuverndarlög og að jafnframt sé fylgt siðareglum og alþjóðlegum stöðlum Alþjóðlega skjalaráðsins.

Persónuupplýsingar á héraðsskjalasafninu

Sveitarfélög og stofnanir þeirra eru skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn skilaskyld á skjöl sín á opinbert skjalasafn. Þá skal héraðsskjalasafnið einnig leitast við að afla annarra heimilda um sögu safnsvæðisins en frá afhendingarskyldum aðilum.

Persónuupplýsingar sem unnið er með á skjalasafninu tengjast þeim viðamiklu skyldum er hvíla á sveitarfélögunum og stofnunum þeirra. Þetta eru upplýsingar um íbúa, skjólstæðinga sveitarfélaganna, starfsfólk sveitarfélaganna, einstaklinga sem eru í samskiptum við sveitarfélögin, tengiliði viðskiptamanna, birgja, verktaka, stofnana og annarra lögaðila sem sveitarfélögin, vegna starfsemi sinnar, þurfa að hafa samstarf við.

Héraðsskjalasafnið varðveitir skv. lögum ýmiskonar persónuupplýsingar sem stofnanir, svið og deildir á vegum sveitarfélaganna hafa aflað vegna lögbundinna verkefna. Hluti þessara upplýsinga eru viðkvæmar persónuupplýsingar s.s. um heilsufar, fjárhag og þjóðerni.

Vinnsla þessara upplýsinga, þ.e. skráning og varsla er hluti af lögbundnum skyldum.

Skjalasafnið tekur skv. lögum við skjölum einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja. Afhendingaraðili undirritar afhendingarskilmála þar sem þar sem m.a. kemur fram samþykki vegna vinnslu, myndbirtinga o.fl.

Á skjalasafninu eru mynduð skjöl tengd afhendingum á safnið.

Varðveislutími persónuupplýsinga

Um varðveislutíma fer samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn þar sem kveðið er á um að óheimilt sé að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna.

Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Héraðsskjalasafnið er með læstar skjalageymslur sem aðeins starfsmenn hafa aðgang að. Geymslurnar eru alltaf læstar nema þegar starfsmaður þarf að sækja skjöl í þær.

Öll gögn sveitarfélaga, stofnana þeirra, einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja eru varðveitt á pappír.

Héraðsskjalasafnið einsetur sér að tryggja öryggisvitund starfsfólks með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Miðlun upplýsinga til þriðja aðila byggir á lagaskyldu. Skjalavörsluábyrgð héraðsskjalasafnsins er óframseljanleg. Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á aðgengi að skjölum sem þeir hafa afhent er varða hverskyns málsmeðferð þeirra þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.

Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar eiga rétt á að vita hvaða persónuupplýsingar héraðsskjalasafnið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Héraðsskjalasafnið ber ekki ábyrgð á færslu og innihaldi skjala sem eru í vörslu þess þegar þau hafa verið mynduð af öðrum stjórnvöldum eða einkaaðilum. Samkvæmt vörsluábyrgð þess verður að tryggja að skjölum í þess vörslu verði hvorki breytt né þeim eytt. Ekki getur orðið um framsal skjalavörsluábyrgðar að ræða til annarra eða afsal hennar, enda byggir skjalavarslan á lagaskyldu en ekki samþykki einstaklings. Einstaklingar geta komið á framfæri leiðréttingum á röngum persónuupplýsingum um sig sem haldið verður til haga í viðeigandi samhengi. Orðið verður við skriflegum óskum einstaklings um að miðla persónuupplýsingum um hann til hans sjálfs eða til þriðja aðila.

Í þeim tilvikum er vinnsla héraðsskjalasafnsins byggir einvörðungu á samþykki einstaklings um vinnslu upplýsinga um hann sjálfan getur hann alltaf afturkallað það.

Leitast er við að bregðast við öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikið eða flókið mál mun héraðsskjalasafnið upplýsa um tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá því tekið er við beiðni.

Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Forstöðumaður hvernar stofnunar á vegum sveitarfélaga, sviðstjórar og framkvæmdastjóri/bæjarstjóri, formenn nefnda o.s.frv. bera skjalavörsluábyrgð og hafa umsjón með þeim verkferlum sem fylgt er við vinnslu persónuupplýsinga á hverjum stað. Þetta gildir einnig um forstöðumann héraðsskjalasafns/héraðsskjalavörð. Ábyrgð héraðsskjalasafna er á varðveislu á afhentum skjölum og aðgengi að þeim, þau bera ekki stjórnsýslulega ábyrgð á undangenginni vinnslu skjalanna fyrir afhendingu þeirra.

Fyrirspurnir

Fyrirspurnum um persónuverndarstefnu héraðsskjalasafnsins eða vegna vörslu skjala skal beint til héraðsskjalavörðar og/eða persónuverndarfulltrúa þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri þess. Héraðsskjalaverði og starfsfólki skjalasafnsins er skylt skv. 40. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að leiðbeina málsaðila og gefa honum tækifæri á að afmarka beiðni sína.

Samskipti og endurskoðun

Héraðsskjalavörður hefur umsjón með eftirfylgni og innleiðingu persónuverndarstefnunnar. Hægt er að hafa samband við héraðsskjalavörð í síma 433-1203 eða með pósti á netfangið skjalasafn@akranessofn.is, heimilisfangið er Dalbraut 1, 300 Akranes.

Héraðsskjalasafnið breytir persónuverndarstefnunni í samræmi við breytingar á lögum, reglugerðum eða vegna annarra breytinga á meðferð persónuupplýsinga. Allar breytingar taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt.

**Persónuverndarstefna þessi var lögð fram til kynningar fyrir bæjarráð þann 12. júlí 2018.
Persónuverndarstefnan tekur gildi 15. júlí 2018.**